

# Farteymin

## Skóla- og frístundasvið

Ráðstefna Greiningarstöð ríkisins  
10-11 september 2020

Kynning

Guðrún Björk Freysteinsdóttir  
deildarstjóri farteymi austur

&

Lína Dögg Ástgeirsdóttir  
deildarstjóri farteymi vestur



# Farteymin

- Samþykkt var í borgarráði árið 2018 að setja á laggirnar farteymi fyrir nemendur með alvarlegan fjölþættan vanda í grunnskólum borgarinnar.
- Teymin eru þverfagleg og í þeim skulu starfa sérmenntaðir starfsmenn s.s. á vettvangi kennslu, frístundastarfs, sálfræði, atferlisþjálfunar og þroskaþjálfunar.
- Teymin hafi það hlutverk að starfa innan skólanna, vinna með nemandanum, aðstoða og handleiða kennara og starfsfólk.
- Áhersla er á vinnu með mál nemenda í daglegum aðstæðum en í undantekningartilvikum geti vinna með nemanda farið fram utan skólastofunnar/skólans í nærumhverfi nemandans.




# Áherslur

- Sérfræðingar koma inn í skólaumhverfið.
- Viðvera sérfræðinga er töluverð.
- Áhersla á að vinna í nærumhverfi.



# Farteymi

Skipurit



# Teymin

## AUSTURTEYMI

- Starfsstöð í Hamraskóla
- Sinnir skólum austan Elliðaár

## VESTURTEYMI

- Starfsstöð í Vesturbæjarskóla
- Sinnir skólum vestan Elliðaár



# Hverjir?

- Félagsfræðingur með framhaldsnám í barnavernd
- Fjölskyldufræðingar
- Framhaldsnám í sálfræði
- Kennsluráðgjafar
- Klínískur sálfræðingur
- Starfs- og námsráðgjafi
- Uppeldis- og menntunarfræðingur



# Hvaða nemendur

- Alvarlegur hegðunar og –samskiptavandi
- Ofbeldishegðun
- Lögbrot og önnur alvarleg brot



# Hvaða nemendur

- Stór hluti nemenda er með greiningar eins og adhd, mótstöðuröskun og einhverfa.
- Greining er ekki skilyrði til að fá þjónustu farateymanna.
- Margir nemendur koma úr erfiðum félagslegum aðstæðum.





# Sækja um?

- Þegar allt þykir fullreynt innan skólans.
- Þegar öll úrræði skólaþjónustunnar þykja fullreynd.




# Matsteymi

- Í matsteymi sitja deildarstjórar matsteyma, fulltrúar aðalskrifstofu skóla og frístunda- og velferðarsviðs, verkefnastjóri á fagskrifstofu frístundamála, deildarstjórar skólaþjónustu og skólastjórnendur.
- Fundað annan hvern mánuð eða eftir þörf.



# Verkferill



# Farteymi – Upphaf málsmeðferðar

- Þegar umsókn hefur verið samþykkt í matsteymi sendir ráðgjafi tengiliðum skóla og þjónustumiðstöðvar staðlað bréf um opnun máls.
- Tengiliður innan skólans upplýsir foreldra/forráðamenn um að mál hafi verið opnað.
- Tengiliður innan skólans upplýsir það starfsfólk/kennara sem vinna með barninu í skólanum um opnun málsins.



# Farteymi - Upplýsingaöflun

- Farteymi kynnir sér eins og kostur er viðhorf, líðan og sjónarmið nemandans og foreldra ásamt fyrirliggjandi gögnum um vinnslu málsins á fyrri stigum og skólaferil nemandans.
- Ráðgjafar farteyma boða foreldra/forráðamenn til upplýsingafundar til að fá greinagóðar upplýsingar um heimilisaðstæður og hvað hefur verið reynt fram að þessu.
- Ráðgjafar farteyma boða skólastjórnendur og umsjónarkennara til fundar til að fá greinagóðar upplýsingar um skólaumhverfið og hvað hefur reynst vel þar.
- Ráðgjafi farteymis aftar upplýsinga um meðferð málsins í þjónustumiðstöð, BUGL, BVN eftir þörf.



# Áhorf í skólaumhverfi

- Markmið með áhorfi er að skoða allar hliðar skólastarfsins, hvort sem um er að ræða hefðbundna kennslu, frímínútur, matarhlé eða frístundastarf.
- Að jafnaði koma tveir ráðgjafar í áhorf og getur áhorf tekið mislangan tíma.
- Mikilvægur partur af áhorfi er samtál ráðgjafa við starfsfólk skólans.



# Farteymi – Vinnsla máls

- Eftir áhorf og upplýsingaöflun boða ráðgjafar farteyma til teymisfundar þar sem lögð er fram áætlun um vinnslu málsins.
- Teymisfundinn sitja, ásamt ráðgjöfum farteymis, skólastjórnandi, umsjónarkennari, foreldrar og aðrir sérfræðingar.
- Ef allir eru sammála er áætlunin innleidd.
- Málið getur verið unnið sem innimál eða útimál. Á meðan á vinnslu málsins stendur eru haldnir teymisfundir á 2 vikna fresti til þess að tryggja skilvirkni og árangur.



# Farteymi-vinnsla máls

- Útimál-unnið með nemanda í sínu skólaumhverfi.
- Innimál-unnið með nemanda í skólaúrræði farteymanna.





# Farteymi - útimál

- Markmið er ávallt að vinna málin eftir fremsta megni í skólaumhverfi barnsins.
- Sérfræðingar innleiða áætlun og þjálfar starfsfólk skólans í að fylgja og nota aðferðir.
- Mikil áhersla á að leiðbeina og þjálfar starfsfólk skólanna.



# Dæmi um úrræði

- Viðbragðsáætlun við ofbeldi.
- Kælistaður.
- Samtöl við nemandu.
- Aðlagað námsefni og námsumhverfi.
- Stuðningur við kennara og annað starfsfólk.
- Fræðsla fyrir starfsfólk.



# Reglulegir teymisfundir

- Teymisfundir á 2 vikna fresti.
- Tryggir að hægt sé að gera breytingar á áætlun þegar þarf.
- Tryggir að allir í teyminu þekki sitt hlutverk og sinni því samkvæmt áætlun.



# Farteymi-innimál

- Í undantekningartilvikum meta ráðgjafar það svo að nauðsynlegt sé að nemandi fari tímabundið í skólaúrræði farteymanna.
- Miðað er við að barnið sé ekki lengur 3-5 vikur í skólaúrræðinu.
- Áhersla á að skóli undirbúi endurkomu nemanda í þessar vikur.



# Farteymi - innimál

- Tímalengd 3-5 vikur.
- Nemandi mætir í skólaúrræði farteymanna.
- Aðlagað skólaumhverfi og nám eftir getu hvers og eins.
- Tækifæri til þess að kortleggja líðan og námslega stöðu nemanda.



# Farteymi – Lok máls

- Miðað er við að heildarvinnsla mála taki 8 – 12 vikur. Að þeim tíma loknum dregur ráðgjafi farteymis sig út og leggur áherslu á að skóli haldi áfram reglulegri teymisvinnu í kringum nemandann.
- Við lok máls skila ráðgjafar farteymis lokaskýrslu til skóla og þjónustumiðstöðvar.
- Náist ekki árangur á þeim tíma sem farteymi gefur sér í vinnslu þess er málinu vísað í viðeigandi farveg s.s. umsókn í Brúarskóla eða Barnavernd.



# Af hverju Farteymi?

- Við erum svokallað „hands on“ úrræði.
- Þjálfun og fræðsla inn á „gólfín“.
- Þverfagleg teymi sem skoðar málin ítarlega.
- Töluverð viðvera sérfræðinga í skólunum.
- Aðgengi starfsfólks að sérfræðingum.
- Mikil teymisvinna.
- Mikið samráð við foreldra.



# Af hverju Farteymin

- Þverfaglegt teymi sem getur boðið uppá sérsniðna þjónustu fyrir hvert einstakt mál.
- Sérfræðingar innan teymanna spegla málin sín á milli.
- Teymisvinna og samstarf milli kerfa.





# Hvað þarf til að ná árangri?

- Snemmtæk íhlutun.
- Fagfólk skólanna þarf að leita aðstoðar fyrr heldur en seinna.
- Nýtum ekki tíu ár í grunnskóla til að sjá hvort að eitthvað lagist.
- Væntingastjórnun.



# Spurningar?

